

GJALDSKRÁ

Hitaveitu Flúða.

1. *Almennt.*

Verðskrá þessi gildir fyrir veitusvæði Hitaveitu Flúða.

Skattur á smásöluverð á heitu vatni samkvæmt lögum um umhverfis- og auðlindaskatta nr. 129/2009 og virðisaukaskattur samkvæmt gildandi reglum um virðisaukaskatt bætast við gjöld samkvæmt gjaldskrá þessari miðað við gildandi reglur á hverjum tíma.

2. *Varmaorka.*

2.1 Fast gjald er háð afköstum rennslismælis en óháð töxtum að öðru leyti.

<i>Fast gjald á mæli</i>	<i>kr./dag</i>
Mælastærð DN 15	63,50
Mælastærð DN 20	78,10
Mælastærð DN 25	102,00
Mælastærð DN 32	128,70
Mælastærð DN 40	153,60
Mælastærð DN 50	256,30

Fasta gjaldinu er dreift niður á tímabil reikninga.

2.2 Rúmmetragjald.

Varmaorka er afhent í formi heits vatns sem selt er samkvæmt rúmmetramælingu. Ekki er veittur afsláttur vegna takmörkunar á afhendingu varmaorku og/eða lækkunar á hita vatnsins.

H1. Almenn heitavatnsnotkun.

Taxtinn gildir fyrir upphitun, almenna heimilisnotkun og snjóbræðslu.

<i>Sala um mæli</i>	<i>kr./m³</i>
Rúmmetragjald skv. mælingu	113,70

H2.

Taxtinn gildir fyrir iðnaðarfyrirtæki og landbúnað.

Atvinnufyrirtæki til framleiðslu	93,40
----------------------------------	-------

H3.

Taxtinn gildir fyrir gróðurhús sem framleiða garðyrkjuafurðir

Garðyrkja	44,20
-----------	-------

H4. Heimæðagjöld.

Heimæðargjald skal greitt fyrir hverja heimæð er tengir hús við veitukerfi Hitaveitu Flúða.

Heimæðargjald skal greitt þegar lagningu heimæðar er lokið.

Heimæðagjöld skiptast eftir málstærð heimtaugar.

<i>Heimæðagjöld – almenn</i>	<i>kr.</i>
Málstærð DN 20 mm	274.377
Málstærð DN 25 mm	337.985
Málstærð DN 32 mm	507.446
Málstærð DN 40 mm	1.013.920
Málstærð DN 50 mm	1.682.316

Heimæðagjöld fyrir stærri inntök en 50 mm skal reikna sérstaklega.

Gjald fyrir hvern lengdarmetra í heimæð, umfram 25 m er 1% af heimæðagjaldi.

Heimæðagjöld á svæðum þar sem ekki er hitaveita fyrir skal reikna sérstaklega.

Ein tengigrind er innifalin í hverju heimtaugagjaldi. Fyrir hverja aukagrind greiðist 10% af heimæðagjaldi viðkomandi málstærðar.

<i>Heimæðagjöld – sumarhús</i>	<i>kr.</i>
20 mm	663.736
25 mm	1.187.636

Heimæðagjöld fyrir lengri heimæðar en 25 m skal reikna sérstaklega.

Stofngjald – dreifbýli.

Þar sem leggja þarf nýja stofnlögn að hverfi/húsi skal reikna stofngjöld sérstaklega og greiðast þau að fullu við upphaf verks samkvæmt kostnaðaráætlun nema um annað sé samið. Við lok verks er verkið gert upp og þá gætu komið til frekari greiðslur eða endurgreiðsla.

Heimæðagjöld á svæðum þar sem ekki er hitaveita fyrir skal reikna sérstaklega og miðast þau við raunkostnað við lagningu heimæða frá stofni og að tengigrind.

3. *Önnur gjöld og ákvæði.*

Gjald fyrir aukaálestur hjá notanda	3.039 kr.
Lokunargjald	5.909 kr.
Opnunargjald	5.909 kr.

Við stækkun atvinnuhúsnaðis skal semja sérstaklega um gjald vegna stækkunar á heimtaugum og aukningu á vatnsnotkun.

Þeir sem taka vatn gegnum gróðurhús til upphitunar á þökkunar- og geymsluhúsnaði, skulu greiða fast gjald sem hér segir:

Fyrir hvern m³ húsnaðis á mánuði 42,40 kr.

Öll gjöld samkvæmt gjaldskrá þessari má taka lögtaki á kostnað greiðanda/húseiganda.

Hitaveita Flúða hefur rétt til að loka aðrennsli heita vatnsins að húsi eða íbúð viðskiptamanns, sem vanrækir að greiða hitaveitugjöld.

Til slíkra aðgerða má þó fyrst grípa eftir eindaga og að undangenginni skriflegri viðvörun, sem sendist kaupanda með eigi skemmri en fimm daga fyrirvara. Allan kostnað við lokun og opnun á ný greiðir sá sem í vanskilum er.

Gjaldskrá þessi er hér með staðfest samkvæmt orkulögum nr. 58/1967 til að öðlast gildi við birtingu í Stjórnartíðindum. Jafnframt er úr gildi felld gjaldskrá sama efnis nr. 1617/2022.

Umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytinu, 15. desember 2023.

F. h. r.

Ólafur Darri Andrasón.

Hreinn Hrafnkelsson.